



Ársskýrsla Fagdeildar gjörgæsluhjúkrunarfræðinga starfsárið 31.mars 2022 – 24.mars 2023

Félagafjöldi: 74

Stjórn fagdeildar á starfsárinu: Anna Halla Birgisdóttir formaður, Kristín Halla Lárusdóttir ritari, Aníta Aagestad, varaformaður. Anna Marín Kristjánsdóttir, gjaldkeri, Brynhildur Elvarsdóttir, meðstjórnandi. Fræðslunefnd fagdeildar, enginn fékkst í hana. Rannveig Jóna Jónasdóttir er alþjóðafulltrúi. Regína Böðvarsdóttir, skoðunarmaður reikninga.

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári: Ritari hefur óskað eftir því að hætta störfum fyrir meira en ári síðan, Brynja Víktórsdóttir hjúkrunarfræðingur á gjörgæsludeild 12B gefur kost á sér í framboð til stjórnar fagdeildar á næsta starfsári. Formaður og varaformaður hafa einungis setið eitt ár í sínum embættum og munu því ljúka við eitt starfsári í viðbót áður, en kosið verður um nýtt fólk í embættin á árlegum aðalfundi félagsins.

Félagsgjald: Félagsgjöld, kr. 5.000, voru innheimt fyrir starfsárið 2022 – 2023. 74 greiddu félagsgjöldin fyrir starfsárið 2022 - 2023 og teljast því sem virkir félagsmenn. Fagdeildin stendur fjárhagslega vel.

Stjórnarfundir: Stjórnin fundaði formlega 5 sinnum á starfsárinu.

Innlend starfsemi:

Haustfræðsla: Haustfræðsla var haldinn fyrir meðlimi fagdeildarinnar 20.október 2022, þar sem Kristinn Örn Sverrisson gjörgæslu-og svæfingalæknir fræddi um öndunarvélmeðferð. Fræðslan var nokkuð vel sótt og var varpað gegnum zoom til meðlima á Akureyri.

Jólafundur 2022: Hinn árlegi fræðsluviðburður jólafræðslu og skemmtunar var haldinn þann 24. nóvember með 6 áhugaverðum fræðsluerindum, meðal annars frá gjörgæslunni á Akureyri. Mæting var góð og dagskránni var varpað með zoom til meðlima á Akureyri. Uppistandarinn Andri Ívars skemmti í lokin.

Aðalfundur 2022

Aðalfundur var haldinn 1. apríl 2022. Mjög fáir meðlimir mættir á aðalfund.

Facebook síða

Fagdeildin heldur áfram úti facebook síðu sem hægt er að finna undir nafninu "Fagdeild gjörgæsluhjúkrunarfræðinga", en þar eru allar tilkynningar til félagsmanna settar inn. Til dæmis fara þangað tilkynningar um viðburði á vegum fagdeildar auk tilkynninga um aðalfund.

Styrkir frá Fíh á starfsárinu 2022 - 2023

Fagdeildin fékk árlegan fastan styrk greiddan út fyrir starfsárið, en átti ekki rétt á að sækja um viðbótarstyrk vegna góðrar fjárhagsstöðu í ársbyrjun 2022.

Starf nefnda innan fagdeilda

Enginn bauð sig fram í fræðslunefnd fagdeildar á starfsárinu, stjórnarmeðlimir sáu sjálfir um að skipuleggja fræðsluviðburði

Erlent samstarf

Dr. Rannveig Jóna Jónasdóttir hefur sinnt hlutverki alþjóðafulltrúa fagdeildarinnar á þessu starfsári, en hefur óskað eftir því að hætta á næsta starfsári. Við í stjórninni þökkum henni kærlega fyrir vel unnin störf sem alþjóðafulltrúi okkar undanfarin 5 ár.

Norrænt samstarf

Fagdeildin er ekki lengur meðlimur í Nosam.

Evrópskt samstarf

Áframhaldandi aðild fagdeildarinnar að EfCCNa, evrópusamtökum gjörgæsluhjúkrunarfræðinga. Rannveig Jóna var tengiliður fyrir Íslands hönd í EfCCNa á síðasta starfsári. Rannveig sótti stjórnarfundir erlendis og var þátttakandi í að skipuleggja og framkvæma ráðstefnu EfCCNA 2021 sem hafði verið frestað vegna heimsfaraldurs, en var síðan haldin 31. ágúst 2022 í Hollandi. Ráðstefnan var vel sótt af íslenskum hjúkrunarfræðingum, því fyrir utan alþjóðafulltrúa og stjórnar fagdeildar gjörgæsluhjúkrunarfræðinga fóru þó nokkuð margir fagdeildarmeðlimir af öllum gjörgæsludeildunum á þessa ráðstefnu. Ísland átti einngi 4 fulltrúa í Utrecht sem kynntu niðurstöður nýlegra Masters verkefna sinna í gjörgæsluhjúkrun.

Alþjóðlegt samstarf

Fagdeildin er með áframhaldandi aðild að WFCCN, heimssamtökum gjörgæsluhjúkrunarfræðinga, Kristín Halla Lárusdóttir hefur verið tengiliður heimssamtakanna en hefur óskað eftir því að hætta. Hrönn Birgisdóttir sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun hefur samþykkt að taka að sér að vera tengiliður fagdeildarinnar við heimssamtökin á næsta starfsári.

9. mars 2023

Skráð af: Anna Halla Birgisdóttir, formaður fagdeildar gjörgæsluhjúkrunarfræðinga.